

Landsyfirrjettardómar 1877.

Mánudaginn 8. janúarmán.

Nr. 30/1876.

Hans Jónsson

gegn

Hannesi Hanssyni.

D ó m u r :

Tildrög máls þessa eru þau, að 31. júlí 1873 leigði Hans Jónsson í Hlíðarhúsum Hannesi Hanssyni, húsmanni í Reykjavík, rauðkúfóttan hest, 14—16 vetra gamlan, til að aka mó innan úr mýri niður í bæ. Þegar Hannes var búinn að aka 6 ferðir með hestinum — alls ók hann 16 ferðir þann dag með 3 hestum — og fór í 7. sinni inneptir með tóman vagninn, stóð hesturinn við hjá Steinkudysi og gekk þá blóð aptur af honum; slepti Hannes þá hestinum og ljet hann á gras, en daginn eptir drapst hesturinn. Út af þessu var, eptir kæru Hans Jónssonar, höfðað mál af hálfu hins opinbera gegn Hannesi fyrir illa meðferð á skepnum, en með dómi, upp kveðnum 19. septbr. 1873 fyrir aukarjetti Reykjavíkur, var Hannes dæmdur sýkn af ákærum hins opinbera. Öndverðlega á árinu 1875 höfðaði Hans mál gegn Hannesi til skaðabóta fyrir hestinn, en með dómi bæjarþingsrjettarins í Reykjavík 26. ágústmán. s. á. var Hannes dæmdur sýkn af kærum og kröfum sækjandans í málinu, og málskostnaður látinn falla niður. Þeim dómi hefur Hans nú áfrýjað til yfirdómsins, að fenginni gjafsókn og uppreisn, með stefnu, dags. 4. nóvember f. á., og krafizt, að Hannes

verði dæmdur til að greiða fullar skaðabætur eptir mati óvilhallra dómkvaddra manna fyrir þann skaða, sem Hans hefur beðið af missi hestsins, sem og málskostnað skaðlaust, eða með einhverju nægilegu. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að verða dæmdur sýkn af kærum stefnanda, en sjer dæmda frá honum hæfilega borgun fyrir ómak sitt og vörn í málinu eptir mati rjettarins.

Áfrýjandinn hefur lagt fram skýrslu frá dýralækni, er krufði hestinn, og segir þar, að hesturinn hafi dáíð af því, að endaparmurinn hafi rifnað og sigið niður, og eptir ætlun dýralæknisins er orsökkin til þessa ofraun á hestinum fyrir vagni, einkum af því hann, að sögn eigandans, hafi verið óvanur að ganga fyrir vagni, en muni hafa verið barinn ósvífið áfram, eins og blóðhlaupnir blettir undir skinninu á lend hestsins bendi á, og virðist þessir blettir hafa komið undan slögum með svipuskapti, eða einhverju þess háttar, skömmu áður en hesturinn drapst. Hinn stefndi hefur aptur á móti borið fastlega á móti því, að hann hafi ofreynt hestinn, þar sem hann hvorki hafi haft mikið á vagninum, nje farið harðara eða knúið hestinn fram meira, en góðu hófi gegnir; hann hefur einnig neitað því, að hinir blóðhlaupnu blettir á lend hestsins sjeu af sínum völdum, því hann hafi aldrei slegið í hann með svipuskaptinu, heldur stundum með ólinni utan á rifjahylkin, enda hafi hesturinn verið þægur. Þessi sögusögn hins stefnda kemur heim við framburð allra þeirra vitna, er leidd voru í hinu opinbera máli, sem áður er um getið, þar sem þau öll hafa borið, að hann hafi farið gætilega með hestinn, og ekki misboðið honum í neinu, eins og ekkert þeirra heldur hefur sjeð hinn stefnda slá í hestinn með svipuskaptinu, og voru þó sum af vitnunum við mókeyrslu þennan sama dag, og sáu því þráfaldlega

til hins stefnda. Hins vegar hafa mörg vitni borið, að hesturinn hafi verið mjög níddur, meiddur og horaður haustinu áður, þá er áfrýjandinn eignaðist hann, og hafi hesturinn heldur ekki þrifzt vel um veturinn.

Það virðist þannig ekki fram komin næg sönnun fyrir því, að meðferð hins stefnda á hestinum hafi verið orsök í dauða hans, eins og áfrýjandinn hins vegar ekki hefur sannað gegn neitun hins stefnda, að hann hafi tekið neina sjerstaka ábyrgð á hestinum aðra en þá, að fara með hann eins og sína eigin hesta, og það virðist hinn stefndi eptir skýrslum vitnanna hafa gjört. Samkvæmt þessu ber að staðfesta undirrettardóminn, einnig að því, er málskostnað í hjeraði snertir, en í málskostnað fyrir yfirdóminum ber áfrýjandanum eptir þessum úrslitum málsins að greiða hinum stefnda 10 krónur.

Að því leyti, sem mál þetta er gjafsóknarmál, hefur flutningur þess verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur undirrettarins á óraskaður að standa. Í málskostnað fyrir yfirdóminum greiði áfrýjandinn Hans Jónsson hinum stefnda Hannesi Hanssyni 10 krónur innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, undir aðför að lögum.

Nr. 28/1876: Amtmaðurinn í suðurumdæminu
vegna jafnaðarsjóðsins þar
gegn

Bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar.

Dómur:

Mál þetta er svo vaxið, að sökum hinnar fjálsu verzlunar, er leidd var í lög 15. apríl 1854, var nýr